

TILMÆLI EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS

frá 12. febrúar 2001

að því er varðar samvinnu í Evrópu um að meta gæði menntunar í skólum

(2001/166/EB)

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 149. gr. og 4. mgr. 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. í sáttmálanum⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að efla Evrópuþáttinn í menntun þar eð hann er mikilvægt markmið í uppbyggingu „Evrópu fólksins“.
- 2) Góð menntun, þ.m.t. starfsmenntun, er eitt af höfuðmarkmiðunum allra aðildarríkjanna varðandi grunn- og framhaldsmenntun í tengslum við þekkingarsamfélagið.
- 3) Tryggja verður gæði skólamenntunar á öllum stigum og öllum sviðum menntunar, án tillits til mismunandi markmiða með menntuninni, aðferða og þarfa og án tillits til röðunar skóla eftir gæðum, þar sem það tíðkast.
- 4) Á síðustu áratugum hefur auknu fjármagni verið veitt til menntamála í öllum iðnvæddum ríkjum. Ekki er einungis litið þannig á menntun að hún auðgi einstaklinginn heldur er hún einnig talin framlag til félagslegrar samheldni, félagslegrar þátttöku og lausnar á atvinnuvandamálum. Símenntun er þýðingarmikill þáttur í því að hafa stjórn á eigin

framtíð, bæði faglega og persónulega. Góð menntun er grundvallaratriði að því er varðar stefnumótun í vinnumarkaðsmálum, frjálsa för starfsmanna innan bandalagsins og viðurkenningu prófskírteina og menntun og hæfi kennara.

- 5) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að tryggja, þegar þau hafa möguleika á því, að tekið sé tillit til samfélagsþróunar í námsefni skólanna.
- 6) Aðildarríkin skulu aðstoða menntastofnanir við að mæta menntunarlegum og félagslegum kröfum á nýrri öld og fylgja þróuninni sem af þeim leiðir. Aðildarríkjunum ber því að styðja menntastofnanir með það fyrir augum að auka gæði þjónustunnar sem þær veita með því að aðstoða þær við þróun nýsköpunarverkefna, sem er ætlað að tryggja gæði kennslu, og með því að aðstoða þær við að stuðla að hreyfanleika einstaklinga milli landa og þekkingarmiðlun.
- 7) Á hverju ári samþykkir ráðið leiðbeiningar á sviði stefnu í vinnumarkaðsmálum sem eru byggðar á markmiðum um magn og vísbendum. Í 7. viðmiðunarreglu um atvinnumál fyrir árið 2000, sem er sett fram í viðaukanum við ákvörðun 2000/228/EB⁽⁴⁾, er því lýst yfir að aðildarríkin muni „...auka gæði menntunar í skólakerfinu með það fyrir augum að draga verulega úr fjölda þeirra ungmenna sem hætta snemma í skóla. Einnig verður lögð sérstök rækt við ungt fólk með námsörðugleika.“
- 8) Í 8. reglu umræddra viðmiðunarreglna er fjallað sérstaklega um það að þróa tölvulæsi, að skólar skuli útbúnir með tölvubúnaði og að auðvelda nemendum aðgang að Netinu eigi síðar en við lok ársins 2002, sem myndi hafa jákvæð áhrif á gæði menntunar og búa ungt fólk undir stafræna öld.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 168, 16.6.2000, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 317, 6.11.2000, bls. 56.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 6. júlí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. nóvember 2000 (Stjtið. EB C 375, 28.12.2000, bls. 38) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 72, 21.3.2000, bls. 15.

- 9) Góð menntun á að stuðla að því að auka hreyfanleika sem, samkvæmt 149. og 150. gr. sáttmálsans, er eitt af markmiðum bandalagsins.
- 10) Evrópsk samvinna og það að skiptast á reynslu milli landa mun stuðla að því að þróa og miðla skilvirkum og ásættanlegum aðferðum við gæðamat.
- 11) Gæðatryggingarkerfi þurfa að vera sveigjanleg og vera hægt að laga þau að nýjum aðstæðum sem skapast vegna breytinga á uppbyggingu og markmiðum menntastofnana, að teknu tilliti til menningarþáttar menntunarinnar.
- 12) Kerfi sem eiga að tryggja gæði eru mismunandi eftir aðildarríkjum og menntastofnunum vegna mismunandi stærðar, uppbyggingar, fjárhagsaðstæðna, hlutverks stofnananna og mismunandi kennsluáferða ólíkra stofnana.
- 13) Gæðamat, og þó einkum sjálfsmat skólanna, eru tæki sem henta vel því markmiði að berjast gegn því að fjöldi ungs fólks hætti snemma í skóla og gegn félagslegri útilokun almennt.
- 14) Margar leiðir eru færar til þess að ná markmiðunum um góða menntun. Ein þeirra er gæðamat sem er mikilvægt til þess að tryggja og þróa gæði menntunar í skólum sem veita almenna menntun og starfsmenntun. Við gæðamat menntunar þarf m.a. að leitast við að meta getu skóla til að nýta sér nýja upplýsingatækni sem nær sífellt meiri útbreiðslu.
- 15) Það er grundvallaratriði að stofnanir, sem gæðamat nær til, hafi netsamstarf um alla Evrópu. Evrópsk netkerfi sem fyrir eru, s.s. evrópska netkerfið sem aðildarríkin komu upp árið 1995 fyrir þá sem móta stefnuna varðandi mat á menntakerfum, getur orðið til ómetanlegs hagræðis við framkvæmd þessara tilmæla.
- 16) Framkvæmdastjórnin lét vinna tilraunaverkefni um gæðamat í framhaldsmenntun á árunum 1994 og 1995. Í tilmælum ráðsins 98/561/EB frá 24. september 1998 að því er varðar samvinnu í Evrópu um að tryggja gæði æðri menntunar ⁽¹⁾ er lögð áhersla á mikilvægi þess að skiptast á upplýsingum og reynslu milli aðildarríkjanna og á samvinnu að því er varðar gæðatryggingu.
- 17) Í Sókrates-áætluninni ⁽²⁾, einkum í aðgerð 6.1., er framkvæmdastjórninni falið að efla miðlun upplýsinga og reynslu í málum sem eru sameiginleg hagsmunamál. Eitt af forgangsverkefnum umræddrar aðgerðar er að meta gæði skólamenntunar.
- 18) Frá því í mars 1996 hefur framkvæmdastjórnin látið hefja margs konar athuganir og verklega starfsemi til að rannsaka matsgerð frá mismunandi sjónarhóli með það fyrir augum að kortleggja hinar mörgu og margvíslegu aðferðir og aðferðafræði við mat á menntun sem er beitt á mismunandi stigum.
- 19) Framkvæmdastjórnin lét vinna tilraunaverkefni á skólaárinu 1997/1998 í 101 framhaldsskóla, bæði á fyrri og síðari stigum framhaldsmenntunar, í löndum sem Sókrates-áætlunin nær til, og leiddi það til vitundarvakningar um gæðamál og stuðlaði að því að auka gæði menntunar í þessum skólum. Í lokaskýrslunni í júní 1999, sem nefndist „Gæði mats í skólamenntun, evrópskt tilraunaverkefni“, er lögð áhersla á allmarga aðferðafræðilega þætti sem taldir eru þýðingarmiklir í árangursríku sjálfsmati.
- 20) Í niðurstöðum sínum frá 16. desember 1997 ⁽³⁾ lýsti ráðið því yfir að mat sé einnig þýðingarmikill þáttur í því að tryggja og, þegar við á, auka gæði.
- 21) Fundarstjórn ráðsins lýsti því yfir í niðurstöðum sínum á aukafundi leiðtoga ráðsins, sem haldinn var í Lissabon 23. og 24. mars 2000, að laga verði bæði evrópsk mennta- og starfsmenntakerfi að þörfum upplýsingasamfélagsins og að þeirri þörf að hækka atvinnustigið og auka gæði þess.
- 22) Að því er varðar stækkun Evrópusambandsins skulu þau ríki sem bætast við taka þátt í evrópsku samstarfi um gæðamat.
- 23) Nauðsynlegt er að taka tillit til dreifræðisreglunnar og sérstakrar ábyrgðar aðildarríkjanna við að skipuleggja og byggja upp menntakerfi sín svo að sérstök menningareinkenni og menntahefðir hvers ríkis fái að dafna.

I. MÆLA MEÐ ÞVÍ VIÐ AÐILDARRÍKIN:

að þau styðji umbætur í gæðamati í skólamenntun, allt eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum aðstæðum í löndum sínum og taki jafnframt tilhlýðilegt tillit til Evrópuþáttarins, með því að:

1. styðja og, ef við á, koma á fót gagnsæjum gæðamatskerfum með eftirfarandi markmiðum:
 - a) tryggja góða menntun og stuðla jafnframt að félagslegri þátttöku og jöfnum tækifærum fyrir stúlkur og pilta,
 - b) standa vörð um gæði skólamenntunar sem grunns fyrir símenntun,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 56.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 1, 3.1.1998, bls. 4.

- c) hvetja til sjálfsmats í skólum sem aðferðar við að bæta skóla og kennslu þannig að sjálfsmat skóla og utanaðkomandi mat sé notað jöfnum höndum.
 - d) nota tækni í því augnamiði að auka gæði sem aðferð til að geta betur aðlagast kröfum heims sem tekur hröðum og stöðugum breytingum,
 - e) skýra tilganginn með og skilyrði fyrir sjálfsmati skóla og tryggja að aðferðir við sjálfsmat séu í samræmi við aðrar reglur,
 - f) koma á mati utanaðkomandi aðila í því skyni að veita stuðning að því er varðar aðferðir við sjálfsmat skóla og til að veita innsýn í skólann og stuðla með því að stöðugu umbótaferli og sjá enn fremur til þess að þetta einskorðist ekki við eftirlit af hálfu stjórnvalda;
2. ef við á, stuðla að og styðja þátttöku þeirra sem koma að skólamálum, þ.m.t. kennara, nemenda, skólastjórna, foreldra og sérfræðinga, í utanaðkomandi mati og sjálfsmati skóla til að stuðla að sameiginlegri ábyrgð á umbótum í skólum;
 3. styðja þjálfun í stjórnun og notkun hjálpargagna við sjálfsmat með það fyrir augum að:
 - a) sjá til þess að sjálfsmat skóla sé skilvirkt hjálpargagn til að auka möguleika skóla á umbótum,
 - b) tryggja skilvirka dreifingu á dæmum um góða starfshætti og nýjum hjálpargögnum sem eru notuð við sjálfsmat;
 4. styðja möguleika skóla á því að læra hver af öðrum, innanlands og innan Evrópu, með það fyrir augum að:
 - a) ákvarða og miðla góðum starfsháttum og skilvirkum tækjum, svo sem vísbendum og viðmiðunargildum í gæðamati í skólamenntun,
 - b) mynda netkerfi milli skóla á öllum viðeigandi skólastigum til að þeir geti stutt hver annan og fengið utanaðkomandi hvata inn í matsferlið;
 5. að efla samvinnu á milli allra yfirvalda sem eiga hlut að gæðamati í skólamenntun og að efla evrópskt netsamstarf.
Þessi samvinna skal ná að einhverju leyti yfir eftirfarandi svið:
 - a) að skiptast á upplýsingum og reynslu, einkum að því er varðar þróun aðferðafræði og dæmi um góðar starfsvenjur, ekki síst með því að nota nútímalega upplýsinga- og samskiptatækni og, ef við á, með því að skipuleggja ráðstefnur, málþing og málstofur innan Evrópu,
 - b) að nálgast upplýsingar um gögn og þróun tækja á borð við vísbenda og viðmiðunargildi sem hafa verulega þýðingu fyrir gæðamat í skólum,

- c) að birta niðurstöður gæðamats í skólum, í samræmi við stefnu hvers aðildarríkis og menntastofnana þess, sem gera þarf aðgengilegar yfirvöldum í aðildarríkjunum,
- d) að efla tengslin á milli sérfræðinga til að byggja upp evrópska sérfræðiþekkingu á þessu sviði,
- e) að nýta niðurstöður alþjóðlegra kannana á þróun gæðamats í skólum.

II. FARA ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA:

1. að hún hvetji, í nánu samstarfi við aðildarríkin og á grundvelli fyrirbyggjandi áætlana bandalagsins, til samvinnunnar sem um getur í 4. og 5. lið I. þáttar og einnig til þátttöku viðkomandi samtaka og félaga sem hafa nauðsynlega reynslu á þessu sviði.
Í þessu sambandi skal framkvæmdastjórnin tryggja að sú reynsla, sem fæst frá upplýsinganetinu um menntun í Evrópu (Eurydice), sem um getur í aðgerð 6.1. í Sókrates-áætluninni, sé nýtt til fulls;
2. að koma á fót, á grundvelli fyrirbyggjandi áætlana bandalagsins, gagnagrunni fyrir dreifingu skilvirkra tækja og hjálpargagna fyrir gæðamat í skólum. Gagnagrunnurinn skal einnig innihalda dæmi um góða starfshætti og vera aðgengilegur á Netinu; tryggja skal gagnvirka notkun hans;
3. að nýta þau úrræði sem eru fyrir hendi í fyrirbyggjandi áætlunum bandalagsins, að fella þá reynslu, sem þegar hefur náðst, inn í þessar áætlanir og að þróa þau netkerfi sem fyrir eru;
4. að gera til að byrja með skrá yfir hjálpargögn og áætlanir um gæðamat á fyrri og síðari skólastigum sem er þegar notað í hinum ýmsu aðildarríkjum. Þegar skráin hefur verið gerð skal framkvæmdastjórnin vinna með aðildarríkjunum að viðeigandi eftirfylgni. Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndin og svæðanefndin skulu reglubundið fá nákvæmar upplýsingar um það hvernig eftirfylgni er háttað;
5. að leggja ítarlega skýrslu, á grundvelli framlags frá aðildarríkjunum, fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina á þriggja ára fresti í tengslum við framkvæmd þessara tilmæla;
6. að taka saman niðurstöður og gera tillögur á grundvelli þessara skýrslna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. ÖSTROS

forseti.